

**Nr. 21-108 S 071 Guðrún Þorkeldsdóttir SU 211*****Skipverji slasast***

Skipaskr.nr. 2944  
IMO 9171022  
Smíðaður: Noregur 1999, stál.  
Útgerð: Eskja hf.  
Stærð: 1773,4 BT.  
Mesta lengd: 68,1 m Skráð lengd: 60,77 m  
Breidd: 12,6 m Dýpt: 8,4 m  
Vél: MAK, 3840 kW, 1998  
Fjöldi skipverja: 10



Guðrún Þorkeldsdóttir©Eskja

**Gögn:**

Gögn RNSA

Skýrsla sjúkratrygginga.

Málið afgreitt á fundi 4. apríl 2022 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. apríl 2021 var Guðrún Þorkeldsdóttir SU 211 á togveiðum með flotvörpu suður af Færeyjum. Veður: 3 m/s, ölduhæð 1 m.

Skipverjar voru að taka trollið þegar grandari slóst í síðu eins þeirra.

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Skipverjinn rifbeinsbrotnaði og var frá vinnu í rúma þrjá mánuði.
- Grandarinn, sem slóst í síðu skipverjans, var úr „Dynema“ ofurtógi.
- Skipverjinn stóð full nálægt grandaranum við hífingu að sögn skipstjóra.
- Hinn slasaði er reyndur sjómaður og var búinn að starfa lengi á umræddu skipi.
- Að ekki hafði verið gert áhættumat fyrir störfin um borð.

**Nefndarálit:**

Atvikið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar

***Sérstök úbending:***

Nefndin vekur athygli skipstjórnenda á að skylt er að gera skriflegt áhættumat fyrir einstaka verkþætti um borð